

Athugasemdir við

- frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð, 542. mál
- Þingsályktunartillögu um gerð rammaáætlunar um náttúruvernd, 18. mál
- frv. til laga um meginreglur umhverfisréttar, 566. mál

1. Það rignir umsagnarbeiðnum til SUNN frá þinginu um áhugaverð mál. Frestur til viðbragða er þó óvenjustuttur, t.d. barst beiðnin um ofanefnt frv. um rannsóknir og nýtingu til SUNN sl. föstudag og frestur er til dagsins í dag. Athugasemdir okkar eru því fremur viðalitlar.

2. Gerð rammaáætlunar um náttúruvernd, sbr. 18. mál, fellur að þeirri meginstefnu SUNN að náttúruvernd skuli koma framur auðlindanýtingu af því tæi sem frumvarp um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu fjallar um (sbr. 542. mál). Jafnframt áréttu SUNN þau sjónarmið sem m.a. koma fram í athugasemdum Jóhanns Ársælssonar og Kolbrúnar Halldórsdóttur á bls. 101 í hefti með ofangreindu frv. að heildstæðrar stefnumótunar sé þörf, bæði um verndun og nýtingu, og að fara beri varlega í leyfisveitingu meðan hvorki liggur fyrir heildstæð náttúruverndaráætlun né rammaáætlun um nýtingu auðlinda. SUNN undirstrika að náttúruverndaráætlun á að gera á undan nýtingaráætlun og að það er forsenda fyrir því að nokkurt vit geti verið í þeirri síðarnefndu, a.m.k. séð af sjónarhóli náttúruverndar.

3. Gerð náttúruverndaráætlunar er nauðsynleg til að uppfylla ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar sem gengist hefur verið við, sbr. bæklinginn *Bjartari framtíð* sem SUNN fengu nýlega sendan frá Norrænu ráðherranefndinni (TemaNord 2006:53). Þar er farið yfir 13 alþjóðasamninga um náttúru og menningarumhverfi.

4. SUNN telja 15 ára tímabil til að hafa rannsóknarleyfi of rúman tíma (542. mál). Reynslan sýnir að á 15 árum — raunar styttri tíma — breytast sjónarmið mikið og geta komið upp sjónarmið um verndun sem áður voru ekki þekkt. Þetta á sérstaklega við þangað til fyrir liggja rammaáætlanir þær sem um ræðir í 2. lið.

5. SUNN telja ekki rétt að nota eignarnám í því skyni sem um getur í 22. gr. frv. (breytingartillaga við 29. gr. laga um nýtingu), sbr. 542. mál. Eignarnám krefst alltaf þess að það sé í ríkri almannapágu — sem ekki á við um eignarnám vegna virkjunar-framkvæmda í þágu álvera.

6. SUNN telja ástæðu til að íhuga að ekki verði gefin út fleiri ný rannsóknar- eða nýtingarleyfi fyrr en lögfestar verði meginreglur umhverfisréttar, sbr. 566. mál. Þá er heldur ekki skynsamlegt að það megi gefa út ný rannsóknarleyfi, hvorki vegna jarðhita né vatnsafls, þar til framtíðarstefna hefur verið mörkuð um verndun og

nýtingu náttúruauðlinda hérlandis. Það er heldur ekki rétt að gefa út nýtingarleyfi á grundvelli þegar útgefinna rannsóknarleyfa nema því aðeins að Alþingi ákvarði svo eftir að hafa fjallað um og samþykkt framtíðarstefnu um náttúruvernd og auðlindanýtingu, sbr. fyrri punkta.

Akureyri, 27. febrúar 2007,

f.h. SUNN

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson formaður